

Ea.

21. Nefndarállt

um frumvarp til laga um happdrætti (lotteri) og hlutaveltur (tombólur).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað ofangreint frumvarp. Er hún algerlega samþykk þeirri hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir frumvarpinu, að það beri að stemma sem mest stigu fyrir þeirri varhugaverðu viðleitni bæði einstaklinga og fjelaga að afla sjer fjár, ýmist með happdrætti, ýmist með hlutaveltum.

Að því er snertir happdrættisaðferð þá, sem farin er að tíðkast í verslun og minst var á við 1. umr. þessa máls, þá lítur nefndin svo á, að hana beri að hefta sem óeðlilega og óviðeigandi verslunaraðferð, en telur hinsvegar, að það haft felist fullkomlega í ákvæðum 1. gr., ekki hvað sist, ef smávægileg breyting, sem nefndin leggur til að gerð sje á henni, verður samþykkt.

Að því er snertir 2. gr. frv., þá leggur nefndin til að breyta henni á þann hátt, að fella úr henni sektarákvæðið, en setja í þess stað inn í frumvarpið nýja grein, er innihaldi sektarákvæði fyrir brot bæði gegn 1. og 2. gr. þess.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið sje samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu »Happdrætti« komi: hveurrar tegundar sem er.
2. Við 2. gr. Orðin: »Að viðlögðum — til ríkissjóðs« falli burt.

3. Við 2. gr. Orðin: »Með brot gegn — lögreglumál« (síðari málsgr.) falli burt.
4. Á eftir 2. gr. komi ný grein (3. gr.), svo hljóðandi:
Brot gegn 1. gr. sæta sektum til ríkissjóðs, 50—2000 kr., en brot gegn 2. gr. 500—5000 kr., og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.
5. 3. gr. verður 4. gr.

Alþingi, 11. febr. 1926.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Eggert Pálsson,
fundaskr. og frsm.

Guðm. Ólafsson.